

Alþingi
Erindi nr. P 140/2267
komudagur 8.5.2012

athugasemd við rammaátætlun

Jon Gretar Hafsteinsson [jonhaf@gmail.com]

Sent: 8. maí 2012 09:46

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Ég, Jón Grétar Hafsteinsson, 161058-3519, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Þá er háhitasvæðið á Reykjanesi þegar fullnýtt að mati vísindamanna og frekari nýting þess býður þeirri hættu heim að svæðið verði eyðilagt fyrir nýtingu næstu áratugina.

Nú þegar er brennsiteinsvetnismengun umtalsverð í Reykjavík og nágrenni vegna jarðhitavirkjana fyrir austan borgina. Ef einnig á að virkja fyrir sunnan borgina þá mun loftmengun að völdum jarðvarnavirkjana verða enn meira áberandi á þéttbýlissvæðinu.

Einnig hefur ekki verið leyst hvernig fara á með frárennslisvatn frá jarðvarmavirkjunum en það inniheldur mörg mengandi efni.

Jón Grétar Hafsteinsson